



**Nefndasvið Alþingis
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 29. mars 2019

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald nr. 138/2013 (lækkun gjalds, brottfall laga). Þingskjal 104 – 104. mál.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtök Iðnaðarins („samtökin“) skila sameiginlegri umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 138/2013 (lækkun gjalds, brottfall laga), þingskjal 104 – 104. mál.

Samtökin taka undir mikilvægi þess að lög um stimpilgjald falli á brott. Að mati samtakanna er engin ástæða að bíða með afnám stimpilgjalds til 1. janúar 2020. Samtökin leggja til að lög um stimpilgjald falli strax úr gildi.

Samtökin taka undir það sem segir í greinargerð með frumvarpinu, að gjaldtaka sem þessi mismunar fyrirtækjum eftir eðli starfsemi þeirra og vegur því að jafnræði lögaðila með ólíkan rekstur. Er þessi gjaldtaka íþyngjandi fyrir rekstur útgerða, skipafélaga eða starfsemi sem krefst viðamikils húsakostar. Samtökin taka undir að fella eigi niður stimpilgjald þar sem það raskar samkeppnisstöðu fyrirtækja sem reka skip eða þjónusta þau.

Að öðru leyti vísa samtökin á fyrri umsögn samtakanna og minnisblað SFS, sem eru hjálögð.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllt, f.h.

Heiðmar Guðmundsson

Björg Á. Þóradóttir

Heiðmar Guðmundsson lögfr. SFS

Björg Ásta Þóradóttir, lögfr. SI

Hjálagt:

- 1) Umsögn samtakanna 4. nóvember 2015 um niðurfellingu stimpilgjalds á skjölum er varða eignaryfirfærslu skipa.
- 2) Minnisblað SFS um stimpilgjald af skjölum er varða eignaryfirfærslu skipa.

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 4. nóvember 2015

Niðurfelling stimpilgjalda á skjölum er varða eignayfurfærslu skipa

Stimpilgjöld ber að greiða af skipum yfir 5 brúttótonnum sem eru skrásett á íslensku skipaskrána, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 138/2013 um stimpilgjöld. Samkvæmt b-lið 1. mgr. 5. gr. laganna ber nú að greiða 1,6% stimpilgjald af gjaldskyldum skjölum ef réttthafi er lögaðili. Ljóst er að um verulega hækkun á stimpilgjöldum er að ræða en sú upphæð nam áður 0.4% við skipasölu og hafði hún þá þegar mikil og íþyngjandi áhrif á viðskipti með skip hér á landi.

Það er mat Samtaka iðnaðarins og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi að mikilvægt sé að menn átti sig á að skip eru ekkert annað en atvinnutæki þeirra sem þau nota. Með því að fara fram á háa greiðslu stimpilgjalda vegna skipa sem eru yfir 5 brúttótonnum á því að mati samtakanna sér stað mismunur eftir atvinnugreinum, enda ljóst að aðrir lögaðilar sem notast þurfa við tæki á borð við flugvélar, rútur, vinnuvélar eða önnur stórvirk atvinnutæki er ekki skylt að greiða stimpilgjöld. Mun þetta leiða til þess að endurnýjun skipastóls og nýsköpun í skipaiðnaði á Íslandi dragist enn frekar aftur úr öðrum atvinnugreinum sem stóla á kostnaðarsaman tækjabúnað.


Einnig skal taka það fram að fyrirtæki í útgerð sem hafa áhuga á að endurnýja sinn skipakost, þurfa ekki aðeins að greiða 1,6% stimpilgjald heldur verður það 3,2% af verðmæti viðskiptanna sem fer í stimpilgjöld. Þannig þurfa fyrirtækin jafnan að greiða bæði gjaldið við sölu eldra skips og síðan aftur við kaup nýrra skips og því verður álagningin í raun tvöföld við endurnýjun skipastóls.

Hvað varðar skipaframleiðendur, sem gera líka upp eldri skip og selja áfram, er vert að nefna að með því að gera kröfu um greiðslu stimpilgjalda vegna afskráningu skipa úr skipaskrá sem seld eru erlendis er verið að draga verulega úr samkeppnishæfni innlendra lögaðila sem þegar er erfið út frá landfræðilegri staðsetningu Íslands. Við núverandi aðstæður þarf seljandi að standa straum af kostnaði við greiðslu stimpilgjalda hér á landi sem og bera hluta af þeim kostnaði sem fellur til erlendis. Ástæðan er m.a. sú að fátítt er

að greiða þurfi ígildi stimpilgjalda af viðskiptum með skip í þeim löndum sem algengt er að umrædd viðskipti fari fram. Samtökin telja nauðsynlegt að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að ekki sé gerð krafa um greiðslu stimpilgjalda við sölu eldri skipa til erlendra aðila.

Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að lagabreytingin hefur haft mikil og víðtæk áhrif á viðskipti lögaðila með skip hér á landi sem og afkomu þeirra fyrirtækja sem sinna skipasmíðum fyrir innlenda sem og erlenda aðila. Það er því mat samtakanna að fella eigi niður stimpilgjöld af skipum þar sem gjöld sem þessi raski samkeppnisstöðu fyrirtækja sem reka skip eða þjónusta þau. Með þeirri aðgerð væri hægt að auka samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar umtalsvert og styrkja stöðu hennar í alþjóðlegri samkeppni.

Virðingarfyllst,
6



Björg Ásta Þórðardóttir,
lögfræðingur SI



Friðrik Friðriksson,
lögfræðingur SFS

Minnisblað



Dags. 8. nóvember 2018
Viðtakandi : Fjárlaganefnd
Sendandi: SFS
Efni: **Stimpilgjald af skjölum er varða eignaryfirfærslu skipa**

Samantekt:

Æskilegt er að gera breytingu á ákvæðum laga nr. 138/2013 um stimpilgjald. Lagt er til að stimpilgjald verði afnumið þegar kemur að skjölum er varða eignaryfirfærslu skipa yfir 5 brúttótonnum. Tekjuáhrif fyrir ríkissjóð af þessari aðgerð verða óveruleg. Á árunum 2008 til 2016 hefur hlutdeild af tekjum ríkissjóðs af stimpilgjaldi vegna fiskiskipa verið rúm 3%.

Með vísan til sjónarmiða um jafnræði og meðalhóf fær ekki staðist að aðeins einni atvinnugrein sé gert að greiða stimpilgjald við eignaryfirfærslu atvinnutækja. Í þessu samhengi vísast til þess að löggjafinn hefur þegar tekið ákvörðun um að skjöl tengd eignaryfirfærslu á loftförum, minni skipum og kaupskipum séu undanþegin stimpilgjaldi (stimpilfrjáls). Auk þess hefur þróunin í nágrannalöndum verið í þá átt að stimpilgjald er einungis lagt á skjöl er varða yfirfærslur fasteigna en ekki atvinnutækja. Í Noregi, sem er eitt helsta samkeppnisland íslensks sjávarútvegs, er ekki að finna neinar reglur um eignaryfirfærslugjaldtöku er varðar skip. Óhófleg gjaldtaka samkvæmt íslenskum lögum skekkir verulega samkeppnisstöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja.

Samkvæmt ofangreindu er skorað á stjórnvöld að afnema stimpilgjald af skjölum er varða eignaryfirfærslu skipa yfir 5 brúttótonnum.

* * *

Lög um stimpilgjald voru fyrst lögfest að danskri fyrirmynd árið 1918. Ný lög um stimpilgjald voru sett árið 1921 og giltu að stofni til fram til ársins 1978. Árið 1977 fór fram heildarendurskoðun á lögnum og að þeirri endurskoðun lokinni var frumvarp lagt fyrir Alþingi sem varð að lögum nr. 36/1978. Með lögnum voru ákvæði eldri stimpilgjaldslaga aðlöguð breyttum aðstæðum og framkvæmd laganna var einfölduð. Í lögnum var að finna undanþágu frá stimpilgjaldi þannig að ekki þurfti að greiða stimpilgjald af skjölum er lögðu höft eða bönd á kaupskip eða loftför. Árið 2012 komu athugasemdir frá Eftirlitsstofnun EFTA er vörðuðu stimpilgjald. Þannig taldi ESA að stimpilgjald af skjölum er vörðuðu skilmálabreytingar lána væri annars vegar samkeppnishamlandi fyrir fjármálafyrirtæki og hins vegar kæmi það sér illa fyrir neytendur vegna skiptikostnaðar. Þá vísaði ESA til þess að slíkt gengi mögulega gegn fjórfrelsinu. Í framhaldinu var skipaður starfshópur sem var veitt umboð til að endurskoða lög nr. 36/1978 um stimpilgjald. Verkefni starfshópsins var einkum að athuga hvort afnema ætti stimpilgjald af útgáfu skuldabréfa einstaklinga þegar skipt er um kröfuhafa.



Þannig var ekki tekið sérstaklega á stimpilgjaldi af skjölum er varðar eignaryfirfærslur skipa. Að lokum voru lögfest ný heildstæð lög nr. 138/2013 um stimpilgjald.

Lög um stimpilgjald nr. 138/2013



Samkvæmt 1. gr. laga nr. 138/2013 um stimpilgjald, skal greiða í ríkissjóð sérstakt gjald, stimpilgjald, af þeim skjölum sem gjaldskyld eru samkvæmt lögnum. Í fyrri málslið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur fram að greiða skuli stimpilgjald af skjölum er varða eignaryfirfærslu skipa yfir 5 brúttótonnum sem skrásett eru hér á landi, svo sem afsölum, kaupsamningum og gjafagerningum. Af þessu leiðir að gjaldið er bæði greitt við sölu og kaup fiskiskipa. Þess vegna þarf útgerð sem er að endurnýja skip bæði að greiða stimpilgjald vegna sölu á skipi og að greiða stimpilgjald þegar keypt er nýtt í staðinn. Af eignaryfirfærslum skipa er gjaldhlutfallið 1,6% ef rétt hafi er lögaðili.

Við gildistöku laga nr. 138/2013 varð ekki lengur skylt að greiða stimpilgjald vegna lánskjala, þ.m.t. skilmálabreytinga á lánskjölum, vegna hlutabréfa, vegna skilríkja fyrir eignarhlut í félögum og vegna félagssamninga. Þá var einnig felld á brott skylda til að greiða stimpilgjald vegna kaupmála, váttryggingarskjala, aðfarargerða, kyrrsetningar-gerða, löggeymslna, leigusamninga um jarðir og lóðir, heimildarskjala um veiðiréttindi og skjala sem lögðu ítök, skyldur og kvaðir á annarra eign. Í athugasemdum frumvarps þess sem síðar varð að lögum nr. 138/2013 var hins vegar ekkert fjallað um ástæður eða rök fyrir því að einu atvinnutækin sem ættu að bera stimpilgjald væru skip yfir 5 brúttótonnum.

Á árinu 2016 voru greiddar 96 milljónir í stimpilgjald vegna fiskiskipa. Frá árunum 2008-2016 greiddu sjávarútvegsfyrirtæki rúmlega 1,1 milljarð króna í stimpilgjald vegna skipa. Á sama tímabili hefur hlutdeild í tekjum ríkissjóða af stimpilgjaldi vegna fiskiskipa verið rúm 3%.

Jafnræði atvinnugreina

Skip eru einu atvinnutækin sem bera stimpilgjald þegar eignaryfirfærsla á sér stað, líkt og áður var vikið að. Umrædd skattlagning lendir því illa á útgerðum fiskiskipa og er atvinnugreinum þannig mismunandi með opinberum aðgerðum. Æskilegt væri að öll atvinnutæki væru undanþegin greiðslu stimpilgjalds og þannig giltu sömu leikreglur fyrir öll fyrirtæki.



Ekkert jafnræði felst í því að aðeins einni atvinnugrein sé gert að greiða stimpilgjald af sínum atvinnutækjum. Þessu til stuðnings má nefna að skjöl er varðar skráningu og afskráningu loftfara eru stimpilfrjáls. Ferðaþjónustan hefur vaxið ört síðastliðin ár og hefur sú aukning leitt til aukinna fjárfestinga. Þannig hafa bæði Icelandair og Wow keypt nýjar flugvélar sem hvorki hafa né munu bera stimpilgjald við skráningu. Á sama tíma hafa íslensk sjávarútvegsfyrirtæki fjárfest í nýjum skipum sem öll hafa borið stimpilgjald skv. lögum nr. 138/2013.

Auk þess er aðeins eigendum stærrí skipa gert skylt að greiða stimpilgjald við eignaryfirfærslu hlutaðeigandi skipa. Í athugasemdum framvarps til nefndra laga er ekki að finna rökstuðning fyrir því að miðað sé við 5 brúttótonn.

Kaupskip stimpilfrjáls

Með lögum nr. 157/1998, um breytingu á þáverandi lögum um stimpilgjald nr. 36/1978, var gerð tilraun til þess að skapa betri aðstæður fyrir íslenskar kaupskipaútgerðir. Í lögnum var kaupskipaútgerðum veitt undanþága frá stimpilgjaldi af skjölum sem leggja höft eða bönd á kaupskip við skráningu eða afskráningu hér á landi.

Árið 2007 voru síðan lögfestar reglur um íslenska alþjóðlega skipaskrá. Í 8. gr. laganna kemur fram að afsöl og önnur eignarheimildarskjöl vegna kaupskipa sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá séu stimpilfrjáls. Þannig hefur markvisst verið unnið að því að gera rekstrarumhverfi kaupskipaútgerða sambærilegt rekstrarumhverfi erlendra samkeppnisaðila. Það að fella niður stimpilgjald á kaupskip var einn liður í því að reyna að koma kaupskipum undir íslenskan fána. Sú staðreynd að eignarheimildarskjöl er varða kaupskip beri ekki stimpilgjald kallar á endurskoðun á álagningu stimpilgjalda á fiskiskipum yfir 5 brúttótonnum.

Samanburður á milli landa

Telja má að gjaldtaka samkvæmt íslenskum lögum skekki verulega samkeppni, íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum í óhag. Vart er þörf að áréttu að hin alþjóðlega samkeppni er hörð og íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru ekki verðmyndandi á alþjóðlegum mörkuðum. Hár rekstrarkostnaður íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja, sem rekja má til gjaldtöku stjórnvalda, er því til þess fallinn að skekkja samkeppnisstöðu þessara fyrirtækja.

Í nágrannalöndunum takmarkast umræddur skattur almennt við fasteignaviðskipti, sbr. meðal annars skýrslu starfshóps á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins um endurskoðun laga um stimpilgjald (2013). Norskur sjávarútvegur er einn helsti samkeppnisaðili íslensks sjávarútvegs, en í Noregi er stimpilgjald einungis lagt á við eignaryfirfærslur fasteigna. Sem dæmi má nefna að íslenskt sjávarútvegsfyrirtæki sem er að endurnýja skip og selur eldra skip til Noregs getur þurft að greiða tugi milljóna króna í stimpilgjald vegna viðskiptanna, á meðan norska útgerðin þarf einungis að greiða því sem samsvarar 100 þúsund íslenskum krónum í skráningargjald í Noregi.



Í Svíþjóð er einungis lagt stimpilgjald á eignaryfirfærslur fasteigna og lóðarleiguréttinda. Í Danmörku hefur stimpilgjald að mestu leyti verið fellt niður. Þess í stað er til staðar svokallað skráningargjald. Vegna eignaryfirfærslu fiskiskipa frá erlendri útgerð til danskrar útgerðar skal greiða 0,4% skráningargjald af verðmæti. Vegna veðréttinda í skipi skal greiða 0,1% af hinnu veðsettu upphæð þegar um er að ræða skip sem ekki eru nýtt til fristunda. Líkt og áður var vikið að er gjaldhlutfallið hér á landi verulega hærra eða 1,6% í tilviki lögaðila. Í Finnlandi er ekki eignaryfirfærsluskattur er varðar skip.

Kaup ganga til baka

Í 9. gr. núverandi laga nr. 138/2013 um stimpilgjald er kveðið á um að sýslumaður skuli endurgreiða stimpilgjald þegar gjaldskyld skjal er ógilt með öllu að lögum eða ekki verður af því að það réttarástand skapist sem hið gjaldskylda skjal ráðgerði. Þrátt fyrir umrætt ákvæði hefur það reynst erfitt að fá endurgreiðslu stimpilgjalds. Má í því samhengi nefna úrskurð yfirskattanefndar nr. 102/2017. Málið snérist um að í árslok 2015 seldi sjávarútvegsfyrirtæki skip úr landi og það tekið af skipaskrá hér á landi. Við útgáfu afsalsins var stimpilgjald greitt lögum samkvæmt. Fjármögnun kaupanda misfórst hins vegar og ekkert varð af afhendingu skipsins. Skipið var síðan selt öðrum aðila árið 2016. Vegna þessa óskaði seljandi eftir að fá stimpilgjaldið, sem lagt var á vegna viðskiptanna sem ekki gengu eftir, endurgreitt. Yfirskattanefnd hafnaði því á þeim grundvelli að afsal væri endanleg niðurstaða löggerninga milli aðila vegna yfirfærslu eigna. Afsalið þótti stimpilskyld og því þurfti að greiða af því stimpilgjald þrátt fyrir að viðskiptin hefðu ekki gengið eftir. Hlutaðeigandi aðila var því gert að tvígreiða stimpilgjald vegna sölu á einu skipi. Við framkvæmd sem þessa er eðli máls samkvæmt ekki hægt að una.

